

L Ö G

um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
2. mgr. 12. gr. laganna falli niður.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 2. maí 1978.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Selfosskauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Selfosshrepp og heitir Selfoss. Umdæmi þetta er í Suðurlandskjördæmi.

2. gr.
Um valdssvið bæjarfógeta á Selfossi og launakjör fer samkvæmt lögum þar um. Sýslumaður Árnassýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.
Sýslunefnd Árnassýslu og bæjarstjórn Selfoss skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Árnassýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárhagsskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.
Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Gjört í Reykjavík 2. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G**um geymslufé.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hver sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu, en fær ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika, sem kröfueigandi ber ábyrgð á, getur fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í ríkisviðskiptabanka eða annarri þeirri innlánsstofnun, sem heimild hefur lögum samkvæmt til þess að taka við geymslufé (depositum).

2. gr.

Við greiðslu á geymslureikning skal greiðandi greina ástæður til þess, að þessi greiðsluháttur sé nauðsynlegur, gefa upplýsingar um kröfuna, sem greiða á, og nafn, nafnúmer og heimilisfang eiganda, ef unnt er.

Greiði banki röngum aðila geymslufé vegna rangra eða ófullnægjandi upplýsinga, telst greiðandi ekki hafa uppfyllt greiðsluskyldu sína.

Greiðandi skal án ástæðulauss dráttar tilkynna kröfueiganda um greiðslu á geymslureikning, ef það er unnt. Vanræki greiðandi þessa tilkynningarskyldu sína, ber hann ábyrgð á tjóni, sem af því kann að leiða fyrir kröfueiganda.

3. gr.

Geymslufé greiðist þeim aðila, sem sannar rétt sinn til þess.

4. gr.

Sá, sem greitt hefur inn á geymslureikning, getur ekki fengið geymsluféð endurgreitt, nema hann annaðhvort sé orðinn kröfueigandi og sanni rétt sinn til geymslufjárinn skv. ákvæðum 3. gr., eða skv. ákvæðum 2. mgr. 5. gr.

Geri greiðandi víðtækari fyrirvara um endurgreiðslu geymslufjár sér til handa, gilda ákvæði laga þessara ekki um þá greiðslu.

5. gr.

Réttur kröfueiganda til geymslufjár fyrnist á 20 árum frá innborgunardegi að telja. Áður en fyrningartími er liðinn, skal innlánsstofnun sú, sem varðveitir geymsluféð, tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geymsluféð, sé þess kostur.

Greiðandi getur krafist endurgreiðslu geymslufjár í eitt ár eftir að liðinn er sá tími, sem um ræðir í 1. mgr.